

Undirbúningur að vinnu með börnum

Í skrefi C eigið þið að framkvæma og skrá eina eða tvær vinnustundir með börnunum sem þið hafið undirbúið saman. Aðstæðurnar eiga að ögra tilgátum-í-athöfn hjá börnunum innan stærðfræðilega viðfangsefnisins að *mæla* og einnig á „undirbúningur og framkvæmd að taka tillit til námskrárinnar og þeirrar þekkingar og reynslu sem börnin hafa öðlast áður” (Skolverket, 2018, bls. 19).

Þegar þið undirbúið vinnuna með börnum getið þið valið úr dæmunum hér að neðan. Í undirbúningnum ræðið þið hvaða eiginleika börnin geta aðskilið í kennslunni, hvaða tungumál þau geta þróað, hvernig þið getið skilið tilgátur-í-athöfn og hvernig þið getið ögrað þeim. Ákveðið líka hvernig þið munið skrá ferlið.

Hvenær gerðist hvað?

Lesið frásögn eða sögu með börnunum þar sem söguþráðurinn er skemmtilegur og nær yfir ákveðinn tíma. Fyrir yngri börnin er hægt að nota myndabók. Ræðið um tíma og röð atburða í sögunni og leggið áherslu á hvernig tungumálið er notað í þessu samhengi. Með öðrum orðum, ræðið um það sem gerðist, hvenær og í hvaða röð og jafnframt hvernig börnin tjá þekkingu sína á þessu. Notið opnar spurningar til dæmis:

- Hvað heldur þú að gerist í sögunni? Af hverju heldur þú það?
- Hvað heldur þú að muni gerast þegar ...? Af hverju heldur þú það?
- Hvenær dagsins var þetta? Af hverju heldur þú það?
- Hversu lengi ... (var til dæmis Gullbrá sofandi)? Af hverju heldur þú það?
- Hvað gerðist áður/eftir? Af hverju heldur þú það?

Það er gott að vera búin að undirbúa spurningar sem hæfir frásögninni til að gefa börnunum tækifæri til að tjá sig um tíma og röð atburða. Hafðu í huga að jafnvel þó að þú hafir undirbúið spurningar fyrirfram er mikilvægt að taka tillit til þess sem börnin sýna sérstakan áhuga á.

- Búið til bók með börnunum sem fjallar um einn dag, vikudagana eða mánuði ársins.
- Ræðið hvernig hægt er að segja frá upplifunum og í hvaða röð hlutirnir gerast.

Hversu hávæx eru hljóðin?

Fullorðnir biðja börn of um að vera með minni læti, lækka tónlistina og annað álíka. Markmiðið með aðstæðunum sem er lýst hér að fá börnin til að íhuga spurninguna

um hversu „hátt“ hljóðið er. Það er hægt að túlka þessa spurningu á (minnst) tvo vegu, annars vegar er það spurningin um styrk hljóðsins (sem snýst um hversu kraftmikið hljóðið er) og hins vegar um hæð tónsins (sem snýst um tíðni hljóðsins, hversu margar hljóðbylgjur það myndar á sekúndu). Skipuleggið á þann máta að börnin geti verið þátttakendur í eftirfarandi aðstæðum:

- Gerið tilraunir með tónhæð og hljóðstyrk til dæmis með því að gera mjög há eða djúp hljóð, bera saman raddir barna og fullorðinna, gera lágvær eða hávær hljóð. Hvað gerist ef að eitt, tvö eða þrjú börn mynda sama hljóð. Verður tónhæðin hærri? Breytist hljóðstyrkurinn? Hvaða máli skiptir fjarlægð - ef að nokkur börn mynd hljóð og þeir sem eru að hlusta færa sig fjær, hvað gerist með tónhæðina og hljóðstyrkinn? Ef að einhver hlustar á tvö börn, annað barnið er tvöfalt lengra frá hlustandanum er hitt, hversu hátt þurfa þau að tala miðað við hvort annað til að það heyrist jafn hátt í þeim?
- Ef þið hafið möguleika á: Látið börnin mæla hljóðstyrk með smáforriti í snjallsíma eða spjaldtölvu. Boðið er upp á mörg smáforrit til að mæla hljóðstyrk með snjalltækjum, sum eru ókeypis og borga þarf fyrir önnur. Börnin geta til dæmis mælt hljóðstyrk á mismunandi stöðum í leikskólanum. Það má bera saman hljóðstyrkinn inni í leikskólanum og úti á lóðinni, frá umferðinni eða eldhústæki eða hverju sem vekur áhuga. Þá gæti verið að börnin vilji skrá mælingar sínar á einhvern hátt.

Hvar er mest pláss?

Tilgangurinn með þessum aðstæðum er að ögra börnunum þannig að þau beri saman stærð tveggja hluta þar sem beinn samanburður er ekki mögulegur. Dæmi um slíkar aðstæður er mæling á stærð tveggja flata sem hvorugur geta hulið hinn, sjá mynd 1.



Mynd 1. *Hvort fatið er stærra? Er rétthyrningurinn stærri en ferningurinn eða öfugt?*

Búðu til aðstæður eða frásögn sem þú heldur að hafi gildi fyrir börnin. Þetta geta til dæmis verið tvö mismunandi gerði fyrir hesta (eða kindur eða svín) þar sem bóndi þarf hjálp barnanna við að finna út hvort gerðið er stærra. Eða kannski eru tvö þykjustu bjarnarhýði á leikskólalóðinni og það þarf að hjálpa bjarnarmömmu sem á marga bjarnarhúna að finna út hvar myndi fara best um þau yfir veturinn.

Heimildir

Skolverket (2018). *Läroplan för förskolan: Lpfö 18 [Rafræn útgáfa]*. Stokkhólmi: Skolverket.

Námskeið: *Magnskilningur barna í leikskóla*

Þróunarhringur 10: *Mælingar*

Nafn greinar á frummáli: *Planera undervisning – Del 10*

Þýðandi: *Margrét Vala Gylfadóttir*

Þýtt með leyfi frá Skolverket.